

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 224/2016

2018/EES/56/09

frá 2. desember 2016

um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/1220 frá 26. júlí 2016 um leyfi fyrir L-þreóníni, sem er framleitt með *Escherichia coli*, sem fóðurukefni fyrir allar dýrategundir ⁽¹⁾.
- 2) Ákvörðun þessi varðar löggjöf um fóður. Ákvæði löggjafar um fóður skulu ekki gilda að því er varðar Liechtenstein meðan ákvæði samnings Evrópubandalagsins og Sambandsríkisins Sviss um verslun með landbúnaðarvörur taka einnig til Liechtenstein, eins og tilgreint er í aðlögunarákvæðum vegna einstakra atvinnugreina í I. viðauka við EES-samninginn. Ákvörðun þessi á því ekki að taka til Liechtenstein.
- 3) I. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRDUN:

1. gr.

Eftirfarandi lið er bætt við á eftir 173. lið (framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/1095) í II. kafla I. viðauka við EES-samninginn:

„174. **32016 R 1220**: Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/1220 frá 26. júlí 2016 um leyfi fyrir L-þreóníni, sem er framleitt með *Escherichia coli*, sem fóðurukefni fyrir allar dýrategundir (Stjútíð. ESB L 201, 27.7.2016, bls. 11).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti framkvæmdarreglugerðar (ESB) 2016/1220, sem verður birtur í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 3. desember 2016, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram (*).

⁽¹⁾ Stjútíð. ESB L 201, 27.7.2016, bls. 11.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 2. desember 2016.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Bergdís Ellertsdóttir

formaður.